

Mál nr. 370/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 5. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var þann 30. maí 2021 farþegi í bifreiðinni A sem verið var að bakka út úr bifreiðastæði við Nettó Granda þegar bifreiðinni B var bakkað á sama tíma og lentu þær á hvor annarri. M leitaði daginn eftir slysið á Læknavaktina og svo á Heilsugæsluna Lágmúla þann 22. júlí 2021 þar sem hún kvartaði undan verkjum í hægri öxl og hálsi. M hefur verið í sjúkraþjálfun og kveðst í dag vera óstarfhæf vegna afleiðinga slyssins. M tilkynnti um líkamstjón til V sem hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 5. nóvember 2021. Þar kemur fram að V hafi aflað hraða- og höggútreiknings og að gögn málsins bendi ekki til að varanlegt heilsutjón geti hafa hlotist af atvikinu. Telur M að gögnin beri með sér að hún hafi orðið fyrir tjóni í skilningi skaðabótalaga. Hraða- og höggkraftsútreiknings var aflað einhliða af V og hafi því ekkert sönnunargildi að lögum. Varhugavert sé því að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi slíkra gagna. Vísar M til ýmissa dóma og úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr slysátryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A. Afstaða V byggir á því að orsakatengsl milli umferðarslyssins þann 30. maí 2021 og einkenna sem M rekur til þess séu ósönnuð. Áreksturinn var mjög vægur og ekki til þess fallinn að valda tímabundnum eða varanlegum einkennum. Lýsingar M á einkennum sem hún rekur til slyssins eru mjög algeng án þess að slys hafi komið til og eru auk þess sömu einkenni og hún þjáðist af áður.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 30. maí 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V og ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. M leitaði á læknavaktina daginn eftir áreksturinn og kvartaði undan verkjum í hálsi auk þess sem hún var með höfuðverk og svima en það eru einkenni sem hún hafði haft áður. Svo var það ekki fyrr en þann 22. júlí 2021 sem M leitaði á heilsugæsluna og kvartar undan verk í hægri öxl auk þess sem hún var með vöðvabólgu í herðum og hálsi hægra megin. Niðurstaða myndgreiningar þann 8. nóvember 2021 sýndi slitbreytingar í hægri öxl. Samkvæmt læknisfræðilegum gögnum hafði M fyrri sögu um verk í hægri öxl og bera gögn málsins ekki með sér hvort aukning hafi orðið á þeim einkennum við áreksturinn. Þá liggja ekki fyrir læknisvottorð frá sérfræðingum eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila um líkamstjón af völdum þessa áreksturs. M ber hallan af sönnunarskorti um að líkamstjón hennar megi rekja til þess áreksturs sem hér um ræðir. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs þann 30. maí 2021.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysátryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 7. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir